

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026, textabreyting.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. október 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 frá 2. febrúar 2009.

Breytingin er fólgin í textabreytingu í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 4.3 - Samgöngur og veitur -, þannig að eftirfarandi setning bætist við hvern undirkafla:

„*Minni háttar veitumannvirkjum, s.s. dæli- eða tengistöðvum allt að 100 m² að stærð, má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða reglur um grenndarkynningu samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum*“.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. október 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2009